





Umsögn skipulags vegna Títanhellu 19

Fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu á Títanhellu 19.

Borist hefur fyrirspurn frá Reisingu byggingarfélagi þess efnis að vinna breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga þar sem innakstur inná lóðina verður færður til um 21 metra í samræmi við meðfylgjandi skýringarmynd. Komið hefur í ljós við hönnun fyrirhugaðra mannvirkja að það henti betur að færa innkeyrsluna. Byggingarskilmálar og nýtingarhlutfall haldast óbreytt.



Mynd af hluta úr deiliskipulagi Hellnahraun 2.áfangi.



Mynd af afstöðumynd úr fyrirhuguðum aðaluppdráttum

Umsögn:

Títanhella tilheyrir deiliskipulagi fyrir Kapelluhraun 2 m.s.t. breytingum.

Erindið var borið undir framkvæmda- og rekstardeild þar sem ekki voru gerðar athugasemdir vegna færslu á innkeyrslu að því gefnu að hún haldi breidd sinni. Einnig eru fordæmi fyrir færslu á innakstri á skipulagssvæðinu.

Niðurstaða:

Skv. framansögðu er tekið jákvætt í fyrirspurnina, breyta þarf deiliskipulagi sem fær þá í kjölfarið málsmeðferð eins og skipulagslög kveða á um þegar frekari gögn berast.

Bent er á að breyting á deiliskipulagi er gerð á kostnað lóðarhafa. Breytinguna þarf að vinna í samráði við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa og sækja formlega um hana í gegnum „Mínar síður“ á vef bæjarins. Ef til kemur færsla á götugögnum og lögnum vegna breytingarinnar þá fellur sá kostnaður á lóðarhafa.

F.h. skipulagsfulltrúa
Berglind Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs